

## GÆÐASTEFNA

Úrvinnslusjóður skapar hagræna hvata sem stuðla að hringrásarhagkerfi, með áherslu á verðmætasköpun og umbreytingu úrgangs í hráefni. Meginverkefni sjóðsins er að draga úr sóun með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnotkun, sem og að stuðla að bættri meðhöndlun úrgangs með endurvinnslu og annarri endurnýtingu.

Gildi sjóðsins eru framþróun, samvinna og gæði.

Gæðastefnan birtir áherslu stjórnar Úrvinnslusjóðs á gæði, skilvirkni og árangur í starfseminni, sem og stöðugar umbætur á ferlum og verklagi, í samræmi við tilgang sjóðsins og þá löggjöf sem að sjóðnum snýr.

Gæðastefnan tekur til allrar starfsemi Úrvinnslusjóðs.

### Stefna:

1. Markvisst er unnið að því hlutverki Úrvinnslusjóðs að stuðla að hringrásarhagkerfi og umhverfislegum ávinningi af úrgangsmeðhöndlun.
2. Starfsemin uppfyllir þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar, starfar í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum, stefnu Úrvinnslusjóðs og áherslur stjórnar á hverjum tíma.
3. Starfsemin miðar að því að ná markmiðum og skuldbindingum í úrgangsmálum.
4. Leitast skal við að mæta þörfum og hagsmunum hagaðila eins og unnt er.
5. Gæðamál eru sameiginlegt verkefni allra starfsmanna og stjórnar.
6. Komið verður á fót gæðakerfi sem heldur utan um ferla og verklag í starfseminni, hlutverk, ábyrgð, sett markmið, áætlanir, mælikvarða og eftirfylgni. Markmiðið er að gæðamál verði samþætt öðrum stjórnkerfum sjóðsins, áhættustjórnun, innra eftirliti og verkefnastjórnun.
7. Mælikvarðar á gæði og aðra mikilvæga þætti starfseminnar skulu vera vel skilgreindir og vandlega fylgst með árangri. Sé árangur ekki í samræmi við sett markmið er brugðist við með umbótum á ferlum og verklagi.
8. Leitast er við að tryggja hæfni, getu og þekkingu starfsmanna til að sinna viðfangsefnum sjóðsins á fullnægjandi hátt á hverjum tíma.
9. Gæða- og umbótastarf skal unnið í samráði við hagaðila eftir því sem tilefni er til.

Til að tryggja að stefnan nái fram að ganga skal gera aðgerðaráætlun til árs í senn. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni áætlunarinnar í samvinnu við samskiptastjóra, sem er umsjónarmaður gæðakerfisins.

Stefnan skal yfirfarin og endurskoðuð á tveggja ára fresti eða oftar ef aðstæður krefjast.

*Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 2. október 2024*